

Nd.

77. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á þeim lögum.

Fhm.: Sigfús Sigurhjartarson, Áki Jakobsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

a. 2. efnismgr. 1. gr. l. nr. 66 1937 orðist svo:

Gjald þetta ákveður mjólkursölunefnd fyrir fram, og má breyta því, þegar þörf krefur, þó skal það aldrei fara upp fyrir 8% af útsöluverði mjólkur.

b. Aftan við sömu lagagr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):

Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 1000 íbúa mega bæjarstjórnir eða hreppsnefndir annast sölu og dreifingu neyzlumjólkur, rjóma og skyr, hver í sínu umdæmi. Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd að taka að sér sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða, og er þá engum heimilt slíkt í því umdæmi. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyflu utan heimilis síns. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyflu þar mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingar-skyldu.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kys 5 manna stjórn mjólkursamsölu í umdæminu, og annast stjórn þessi allan daglegan rekstur samsöluunnar, ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Skal bæjarstjórn setja mjólkursamsölu starfsreglur, en ráðherra staðfestir þær að fenginni umsögn mjólkursölunefndar.

Nú ákveður bæjarstjórn Reykjavíkur að taka sölu á mjólk og öðrum mjólkurafurðum í sínar hendur, og telst þá Hafnarfjörður til hennar umdæmis, og kys þá bæjarstjórn Hafnarfjarðar tvo menn til viðbótar í stjórnina. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur þó haft sjálfstæða mjólkursamsölu, ef hún æskir þess.

Nú óskar bæjarstjórn eða hreppsnefnd ekki að hagnýta sér sérleyfisrétt sinn samkvæmt þessari grein, og getur þá mjólkursölunefnd veitt mjólkurbúi eða mjólkurbúum, ef fleiri eru en eitt, sem selja mjólk og mjólkurafurðir til viðkomandi bæjar eða kauptúna, sérleyfi til sölu og dreifingar mjólkur, rjóma eða skyr í kaupstaðnum eða kauptúninu.

Þar, sem mjólkurbú annast sölu mjólkur og mjólkurafurða, skal mjólkursalan ávallt rekin sem sérstakt fyrirtæki með sérstakri stjórn, og er viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að tilnefna tvo menn af finnu í þá stjórn.

Þar, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir reka mjólkursamsölu, skulu þær kjósa endurskoðendur, tvo aðalmenn og tvo til vara, til eins árs í senn, en bæjarstjórn úrskurðar reikningana, og skal eitt eintak af þeim fylgja bæjarreikn-

ingunum til stjórnarráðsins, en annað eintak skal sent mjólkursölunefnd. Mjólkursölunefnd kýs endurskoðendur annarra mjólkursamsala og setur þeim starfsreglur og ákveður þóknun til þeirra.

2. gr.

4. gr. 1. nr. 1 1935 orðist svo:

Innkaupsverð mjólkursamsölu á mjólk og mjólkurafurðum hvers verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum.

Menn þessir eru skipaðir þannig: Tveir menn skulu tilnefndir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, tveir menn tilnefndir af stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkurbúa, en ef mjólkurbú starfa ekki á verðjöfnunarsvæðinu, þá skulu þeir tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands, en oddamað skipar hæstiréttur. Innkaupsverð mjólkursamsalanna skal, svo sem við verður komið, reiknað út eftir vísitölu. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

Þar, sem ákvæði laga þessara um verðlagssvæði ná ekki til, er verðið til mjólkursamsalanna ákveðið með samningum milli viðkomandi samsala og þeirra mjólkurbúa eða mjólkurframleiðenda, sem til greina geta komið sem seljendur neytlumjólkur á þeim stað. Náist samkomulag ekki, skal nefnd sú, er um ræðir í þessari grein, ákveða innkaupsverðið.

3. gr.

Fyrsti og annar málslíður 5. gr. sömu laga falli niður.

4. gr.

Í stað „Heimilt skal þó ...“ í 2. línu 3. gr. laga nr. 66 1937 komi: Heimilt skal ...

5. gr.

6. gr. 1. nr. 1 1935 orðist svo:

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kaupþún skuli tekið undir sölu eða dreifingarrétt mjólkursamsala bæjar- eða hreppsfélaga eða mjólkurbúa.

6. gr.

1. mgr. 7. gr. sömu laga orðist þannig:

Þeim, sem sérleyfi hafa til sölu neytlumjólkur, rjóma og skyrs, er skylt að sjá til þess, að ávallt sé nægileg neytlumjólk fyrir hendi til sölu. Öll neytlumjólk og rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur af viðurkenndum stofnunum, sbr. þó 15. gr.

7. gr.

8. gr. sömu laga orðist svo:

Mjólkursölunefnd skal skipuð til 4 ára í senn. Í henni eiga sæti 7 menn, skipaðir á eftirfarandi hátt:

Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutbundinni kosningu, Búnaðarfélag Íslands skipar 2 menn, Alþýðusamband Íslands skipar 1 mann og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar 1 mann. Nú vanrækir einhver þeirra aðila, er skipa eiga menn í mjólkursölunefnd, að gera það, og skal þá ríkisstjórnin skipa mennina í þeirra stað. Á sama hátt skulu skipaðir varamenn og til jafnlangs tíma. Mjólkursölunefnd kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Nefndarmenn skulu búsettir í Reykjavík eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti hæglega mætt þar á fundum með sólarhrings fyrirvara.

Þóknun til nefndarmanna skal vera kr. 10.00 til hvers nefndarmanns fyrir hvern fund, en kr. 15.00 til formanns. Þóknun þessi greiðist af verðjöfnunarsjóði ásamt

dýrtíðaruppbót samkv. vísitölu. Verðjöfnunarsjóður greiðir einnig annan óhjákvæmigan kostnað vegna starfa nefndarinnar.

8. gr.

Síðasti málsliður 17. gr. sömu laga orðist svo:

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en á Alþingi 1945, og tilnefnið mjólkursölunefnd menn til þess að undirbúa þá endurskoðun.

9. gr.

Aftan við sömu lög komi svolátandi

Ákvæði um stundarsakir.

Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd að hagnýta sér sérleyfisrétt sinn til sölu og dreifingar á mjólk og mjólkurafurðum samkvæmt 5. gr. hér að framan, og tekur hún þá við öllum eignum og réttindum, þ. á. m. leiguréttindum þeirrar mjólkursamsölu, sem starfandi kann að vera í umdæminu, með skuldum, sem á þeim kunna að hvíla og án annars endurgjalds. Þau mjólkurbú eða þeir mjólkurframleiðendur, sem kunna að hafa lagt fram stofnfé eða önnur peningaframlög til mjólkursamsala eða mannvirkjagerða þeirra vegna, skulu fá það endurgreitt.

Eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, skal þegar skipa mjólkursölunefnd samkvæmt þeim reglum, sem lögin fela í sér, og fellur þá niður umboð núverandi nefndar.

Meðan verð það á mjólk, er samkomulag varð um í vísitölunefnd landbúnaðarafurða, gildir, kemur 5. gr. þessara laga, um mjólkurverðlagsnefnd, ekki til framkvæmda.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frv. þessa er sá að laga versta gallann á núgildandi lögum um sölu mjólkur og mjólkurafurða, þann galla, sem kemur mjög þungt niður á neytendum og skaðar raunar framleiðendur líka. Þessi galli er í því fólgin, að neytendum mjólkurinnar er alveg fyrirumun að hafa nokkur minnstu áhrif á sölufyrirkomulag, eftirlit með meðferð mjólkurinnar heilbrigðislega eða aðstöðu til þess að geta fylgt með, að milliliðakostnaður verði ekki of hár.

Frá því að mjólkursölulögin voru fyrst sett, hafði mjólkursölunefnd stjórn mjólkursamsölnnar í Reykjavík og Hafnarfirði. Í mjólkursölunefnd, sem skipuð er 7 mönnum, áttu neytendur tvo, mann skipaðan af bæjarstjórn Reykjavíkur og annan frá Alþýðusambandi Íslands. Með þessu móti var þó sýndur litur á því að leyfa neytendum að fylgjast með mjólkursölnni, svo mjög sem bæjarbúar eiga lífsvelferð sína undir því að eiga kost á nægri, ódýrri og vel með farinni nýmjólk. Hæstvirtur núverandi atvinnuáráðherra, Vilhjálmur Þór, virðist þó hafa álitnið neytendur of valdamikla í þessum efnum, því að hann tekur að sér forustu um, að mjólkurbúin, sem selja mjólk til Reykjavíkur, hagnýttu sér vafasama heimild í mjólkursölulögunum til þess að taka að sér mjólkursamsölnuna í Reykjavík, þ. e. að koma þessum fyrirnefndu 2 fulltrúum neytenda út úr samsölustjórn. Þetta furðulega tiltæki atvinnuáráðherra hefur orðið til þess að setja mjólkursölmálin á dagskrá.

Það fyrirkomulag, að láta framleiðendur ráða öllu um sölu og dreifingu mjólkurinnar, en gera neytandann alveg afskiptan, er með öllu ótækt. Sú litla hluttaka, sem neytendum var tryggð með því fyrirkomulagi, er var á mjólkursölnni í Reykjavík og afnumin var í sumar, hefur aldrei fullnægt kröfum þeirra. Í okkar hráslagalega og sólarlitla landi er mjólkinn langsamlega þýðingarmesta fæðutegundin. Heilsa barna okkar og líf er beinlínis undir því komið, að þau fái næga, góða ný-

mjólk. Þess vegna er það fjarstæða að láta framleiðandann einan um að selja og dreifa mjólkinni. Sjónarmið framleiðandans hlýtur alltaf að verða að mestu bundið við að hafa sem mestar tekjur af framleiðslu sinni. Þetta hefur komið sérstaklega greinilega fram hjá forustumönnum mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Þar er sölu- og dreifingarkostnaðurinn óhæfilega hár, mjólkinn léleg og óhrein, ekkert tillit tekið til óska neytenda um fyrirkomulag mjólkursölunnar, heldur virðist samsalan leggja sig í framkróka til þess að skaprauna neytendum.

Með samningum vísitölunefndar landbúnaðarins er gengið inn á þá braut að tryggja bændum ákveðið verð fyrir neyzlumjólk, kr. 1.23. Eðlilegt framhald þeirra samninga er það, að neytendur taki nú við mjólkinni sjálfir beint frá bændum og ráði því sjálfir, hvernig þeir haga dreifingu hennar. Það fyrirkomulag að ákveða með samningum verðið til bænda felur það í sér, að neytendur annist sjálfir dreifingu og sölu. Bóndinn hefur mestan hag af því, að neytandinn sé sem ánægðastur með dreifingarfyrirkomulagið, og þess vegna er það bezt fyrir hann að láta neytandann sjálfráðan um það. Gildandi lög um mjólkursölu hafa tryggt Framsóknarflokknum alræðisvald í mjólkursölumálunum. Í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem Framsóknarflokkurinn er fylgislaus, er hann einráður um allt fyrirkomulag mjólkursölunnar, verð mjólkurinnar og allt annað, er að því lýtur. Þessa aðstöðu hefur flokkurinn miskunnarlaust notað í pólitísku skyni. Hann hefur notað þessi yfirráð sín til þess að skapa hernaðarástand milli neytenda í bæ og framleiðenda í sveit, vegna þess að hann hefur haft pólitískan hag af því. Framsóknarflokkurinn hefur ekkert skeytt því, þó að hann með þessu minnkaði sölu mjólkur og þar með skaðaði bændur. Yfirráð Framsóknarmanna yfir mjólkursölu hafa því í senn skaðað framleiðendur og neytendur. Með samkomulagi vísitölunefndar landbúnaðarins er stigið skref til að afnema ófriðarástandið milli framleiðenda í sveit og neytenda. Ef það samkomulag á að koma að notum, þarf að svipta Framsóknarflokkinn því tæki, sem hann hefur öðrum fremur notað til þess að skapa þá úlfúð, sem vísitölunefnd átti að eyða, en það er mjólkursölumál bæjanna.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru framhald af samkomulagi því, sem varð í vísitölunefndinni. Í því er gert ráð fyrir, að neytendur taki að sér að öllu leyti sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða í bæjunum, þ. e. bæjarstjórnir og hreppsnefndir taki við samsölunum og annist alla gerilsneyðingu mjólkurinnar.

Nánar í framsögu.